

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Síðumúli 2-6 – Síðumúli 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 27. júní 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Síðumúla 2-6 vegna lóðarinnar nr. 6 við Síðumúla. Í breytingunni felst að lóð minnkar og lóðarmörk dragast að húsvegg ásamt því að byggingarreitur stækkar og byggingarmagn eykst. Núverandi hús verður hækkað um eina hæð með efstu hæð inndregna og viðbygging sem verður á núverandi bílastæði verður jafn há framhúsi og einnig með inndregna efstu hæð. Sameiginlegt útisvæði íbúa hússins verður á þaksvölum og jarðhæð sunnan megin við hús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt III, Fell – Völvufell.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 11. júlí 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fells vegna Völvufells (þróunarreit nr. 84 AR2040). Í breytingunni felst heildarendurskoðun á svæðinu, til að koma til móts við breyttar áherslur. Almennum íbúðum í raðhúsum og fjölbýlishúsi er fjölgað, námsmannaíbúðir fjarlægðar, leikskólalóð stækkuð, lóðarmörkum breytt og skipulagsmörk þróunarsvæðisins eru uppfærð til samræmis við þróunarreit hverfissskipulags. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Mjódd – Álfabakki 4A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. september 2024, breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 4A við Álfabakka. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs og vesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. október 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 16. október 2024